

Tónmennt

Kennarar: Árný Hallfríður Herbertsdóttir

4

Lýsing

Nemendur hlusta á og átta sig á mismundandi tónlist. Þeir læra lög og syngja. Sérstök áhersla er á tónlist frá Afríku, rythma og frumstæð hljóðfæri.

Markmið:

Markmið:

- að þekkja hljóðfæri í tónsköpun og hlustun
- að greina ólíkar raddir og geta beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- að geta leikið einfalda rytma eða þrásstef á slagverkshljóðfæri
- að taka þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk
- að geta greint einföld stílbrigði í tónlist (t.s íslensk þjóðlög)
- að geta rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun

Námsefni:

Ýmis sönglög að vali kennara sungin og safnað í tónlistarmöppu. Hlustað á sögur um Sígild tónskáld og hlustað á sýnishorn úr tónverkum. Horft á söngleiki. Farið í námsbókina Tónlist frá Afríku.

Kennsluaðferðir:

Hlustun á mismunandi tónlist og takturinn greindur í lögnum og hljóðfæri greind út úr laginu sem leikið er á. Syngja og læra ýmis þjóðlög (áhersla á íslensk þjóðlög). Nýta sér skólahljóðfæri til að skapa tónverk (hópavinna). Áhersla á tónlist frá Afríku (námsbók frá námsgagnastofnun) áhersla á takt og afríska þjóðlagahefð.

Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat.